

25.06.2022

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Efni: Viðræður um rekstur skíðaskála Ármanns, ÍR, Fram og Víkings í Bláfjöllum

Í ljósi mikillar uppbyggingar og breytinga á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, þá óska skíðadeildir Ármanns, Fram, ÍR og Víkings eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um rekstur skíðaskála félaganna í Bláfjöllum. Er það ósk félaganna að Reykjavíkurborg komi með beinum hætti að rekstri og viðhaldi skálanna því núverandi fyrirkomulag er mjög íþyngjandi fyrir rekstur deildanna/félaganna. Félögin hafa ekki bolmagn til að sinna nauðsynlegu viðhaldi og uppbyggingu til að mæta aukinni aðsókn iðkenda og almennings vegna endurnýjunar á lyftum á svæðinu. Einnig óska félögin eftir starfsmanni, greiddum af Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, sem sinnir daglegum rekstri skálanna á svæðinu.

F.h skíðadeilda Ármanns, Fram, ÍR og Víkings

Jón Þór Ólason

Framkvæmdastjóri Ármanns